

Mánaðaryfirlit

Stefnumótunar og greiningar

Janúar 2021




10,7% atvinnuleysi í desember

Atvinnuleysi mældist 10,7% í lok síðasta árs samkvæmt nýjum tölum Vinnumálastofnunar fyrir desember. Alls voru 21.365 einstaklingar atvinnulausir og fjölgaði atvinnuleitendum um 459 frá fyrri mánuði. Til viðbótar voru 5.108 í minnkuðu starfshlutfalli og mældist fækkun þar milli mánaða.


Aðstæður á vinnumarkaði hafa breyst verulega eftir útbreiðslu Covid-19 en atvinnuleysi mældist 4,3% í lok síðasta árs. Þá voru 8.605 án atvinnu en atvinnuleysi hafði farið vaxandi í kjölfar gjaldþrots WOWair á vormánuðum 2019.

Mest mældist atvinnuleysi á Suðurnesjum, 21,9% en þar á eftir koma Höfuðborgarsvæðið (10,6%) og Suðurland. (10%).


Atvinnuleysi: Jan 2019 - Des 2020




Fjöldi í skertu starfshlutfalli



Langtímaatvinnulausum fjölgar hratt.



Í desember voru alls 4.213 sem höfðu verið án atvinnu í meira en eitt ár og fjölgaði þeim um 294 einstaklinga milli mánaða. Milli ára er fjölgunin 2.565 einstaklingar. Óumflýjanlegt er að langtímaatvinnulausum fjölgi þónokkuð fram á sumar. Nú eru um 6.661 sem hafa verið án atvinnu í 6-12 mánuði og munu á næstu misserum falla í hóp langtímaatvinnulausra.



Hlutfallslegt atvinnuleysi mælist svipað milli kynja á landsvísu þó fleiri karlar séu atvinnulausir. Hlutfallið er nokkuð svipað á flestum landshlutum. Meðal karla er atvinnuleysi meira á höfuðborgarsvæðinu, en á Suðurnesjum, Vesturlandi, Austurlandi og Suðurlandi er merkjanlega hærra atvinnuleysi meðal kvenna.




24% atvinnuleysi meðal útlendinga



Í desember voru erlendir ríkisborgarar 41% af öllum atvinnuleitendum eða alls 8.728 einstaklingar. Þetta hlutfall jafngildir 24% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara eða að um fjórðungur af erlendum ríkisborgurum á vinnualdri séu án atvinnu.

Fjöldi atvinnulausra eftir bakgrunni



Breytingar á sköttum tóku gildi á áramótum

Á áramótum tóku gildi umfangsmiklar breytingar á tekjuskatti einstaklinga sem fela í sér breytingar á skattþrepum og persónuafslætti og verða til þess að draga úr skattbyrði einstaklinga með sérstakri áherslu á hina tekjulægstu.

Breytingarnar eru ein af stærstu aðgerðum stjórnvalda í tengslum við Lífskjarasamningana og voru viðbragð við gagnrýni verkalyðshreyfingarinnar á vaxandi skattbyrði launafólks. Með breytingunum aukast ráðstöfunartekjur launafólks til viðbótar við almennar hækkanir kjarasamninga og skattleysismörk hækka.


Þær breytingar sem komu til framkvæmda á áramótum fela fyrst og fremst í sér lækkun á tekjuskattshlutfalli í fyrsta þrepi, úr 35,04%

í 31,45%, og hækkun þrepamarka í þrep 2 úr 336.916 kr. í 349.018 kr. á mánuði. Samhliða þessum breytingum hækkar hlutfall í miðþrepi og persónuafsláttur lækkar úr 54.628 kr. í 50.792 kr. á mán.


Aðili sem árið 2020 var með 350 þús. krónur í mánaðarlaun var með 336 þús. kr. í skattstofn eftir að framlag í lífeyrissjóð hafði verið dregið frá. Alls reiknaðist 117.734 kr. í staðgreiðslu en eftir nýtingu persónuafsláttar

voru greiddar 63.106 kr. í skatt og laun eftir skatt því 272.894.

Fái sami aðili 15.750 kr. í almenna launahækkun á áramótum, eru mánaðarlaun nú um 365 þús. Staðgreiðsla er nú 110.563 kr. og eftir nýtingu persónuafsláttar eru greiddar 59.771 kr. í skatt og laun eftir skatt um 291 þús. Laun hækkuðu því um 15.750 en ráðstöfunartekjur, eftir skatt um 18.454 kr. Hlutfall skattsins af launum lækkaði jafnframt úr 18% í 16,3%.



Skattbyrði, greiddur skattur sem hlutfall af launum.



ASÍ lagðist gegn hærra frítekjumarki fjármagnstekna.

Á áramótum tók gildi hækkun á frítekjumarki fjármagnstekna úr 150 þús. í 300 þús. og var útvíkkað þannig að nú falla arðstekjur og söluhagnaður hlutabréfa þar undir.

ASÍ lagðist harðlega gegn málinu og vísaði þar til skýrslu sérfræðingahóps Fjármála- og efnahagsráðuneytisins þar sem fram kom að 90% framteljenda vaxtatekna hafi ekki greitt skatt undir 150 þús. króna frítekjumarki.

Fjármagnstekjur	Fjöldi framteljenda	Greiddur skattur	Kostnaður við hækkun frítekjumarks
< 150.000	259.182	0	0
150.000-160.000	1.870	2	68
160.000-170.000	1.644	5	65
170.000-180.000	1.527	8	62
180.000-190.000	1.310	10	59
190.000-200.000	1.271	13	57
200.000-210.000	1.138	14	54



Athygli vakti að sérfræðingahópur ráðuneytisins lagði ekki til að frítekjumark vaxtatekna verði hækkað heldur var lagt til að það fylgi verðlagsþróun þannig að skjól gagnvart áhrifum verðbólgu haldist óbreytt yfir tíma. Þó er einnig nefnt að við sérstakar aðstæður hárrar verðbólgu mætti útfæra tímabundna hækkun frítekjumarks.

ASÍ gagnrýndi einnig að hækkun frítekjumarks væri framkvæmd á tíma verulegs hallareksturs ríkissjóðs. Kostnaðurinn við hækkun

frítekjumarks vaxtatekna er metinn á rúmar 770 milljónir króna á ári en til viðbótar bætist við kostnaður af því að arðstekjur og söluhagnaður séu felldar undir.

Í umsögn ASÍ var einnig vakið athygli á því að stjórnvöld hafi ekki brugðist við ábendingum sem fram hafa komið um veikleika núverandi fyrirkomulags reiknaðs endurgjalds í skýrslum sem gerðar hafa verið fyrir fjármálaráðuneytið.

Reiknað endurgjald fékk sérstaka umfjöllun í skýrslunni ráðuneytisins frá 2019, en þar er bent á að hvatar séu í núverandi kerfi til að reikna sér sem lægst laun, að tilflutningur eigi sér stað milli launa og fjármagnstekna og að eigendur hafi tilhneingingu til að ofreikna kostnað.

90% framteljenda vaxtatekna greiddu ekki fjármagnstekjuskatt árið 2019



● Greiddu ekki fjármagnstekjuskatt ● Greiddu fjármagnstekjuskatt

